# Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
## FUNDARBOÐ – 329. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 30. janúar 2020 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar** **kl. 16:00**.

**Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:**

1) Fundargerð 133. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 16. janúar 2020.
2) Fundargerð vinnufundar menningarnefndar, dags. 30. nóvember 2020.
3) Fundargerð 105. fundar stjórnar FSS og notendaráðs fatlaðra á Snæfellsnesi, dags. 20. janúar 2020.
4) Fundargerð 419. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 20. janúar 2020.
5) Bréf frá Jensínu Guðmundsdóttur, dags. 28. janúar 2020, varðandi úrsögn úr kjörstjórn Hellissands- og Rifskjördeildar og úr landbúnaðarnefnd.
6) Bréf frá Ásbirni Óttarssyni, dags. 24. janúar 2020, varðandi ósk um niðurfellingu á leigu í Röst vegna kúttmagakvölds eldri borgara þann 18. janúar s.l.
7) Bréf frá Marinó Mortensen, dags. 9. janúar 2020, varðandi ósk um að bæjarstjórn falli frá forkaupsrétti að bátnum Maríu SH-82, sknr. 6111.
8) Samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar.
9) Endurnýjaður samningur um rekstur Pakkhússins í Ólafsvík.
10) Bréf frá Heilbrigðisráðuneytinu, dags. 6. nóvember 2019, varðandi svar við ósk Snæfellsbæjar um upplýsingar um nýtingarhlutfall á hjúkrunarrýmum á Vesturlandi.
11) Bréf frá Sýslumanninum á Vesturlandi, dags. 27. janúar 2020, varðandi ósk um umsögn bæjarstjórnar um umsókn Sigurðar Narfasonar um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, gistiheimili, að Hofgörðum í Staðarsveit, Snæfellsbæ.
12) Bréf frá Umhverfisstofnun, dags. 10. janúar 2020, varðandi endurvinnsluhlutfall heimilisúrgangs í sveitarfélaginu.
13) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 20. janúar 2020, varðandi boðun á XXXV. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
14) Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, dags. 17. janúar 2020, varðandi viðmiðunarreglur um framlög til stjórnmálaflokka.
15) Bréf frá Húsnæði- og mannvirkjastofnun, dags. 20. janúar 2020, varðandi húsnæðisáætlanir sveitarfélaga.
16) Minnispunktar bæjarstjóra.

**Snæfellsbæ, 28. janúar 2020**
**Kristinn Jónasson, bæjarstjóri**

Drífa Skúladóttir Brynja
Mjöll Ólafsdóttir Davíð Viðarsson
Kristjana Hermannsdóttir

**Umhverfis- og skipulagsnefnd - 133133. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 16. janúar 2020 og hófst hann kl. 09:30.**

**Fundinn sátu:**
Drífa Skúladóttir, Brynja Mjöll Ólafsdóttir, Davíð Viðarsson, Kristjana Hermannsdóttir, Valgerður Hlín Krstmannsdótti, Guðmundur Ólafsson og Matthías Páll Gunnarsson.

**Fundargerð ritaði:** Valgerður Hlín Kristmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

**Dagskrá:**

1. **Golfvöllur sunnan Rifs_Deiliskipulag vegna aðalskipulagsbreytinga - 2001005**

Deiliskipulag þetta er af fyrirhuguðum golfvelli sunnan Rifs en ekki hefur verið gengið frá deiliskipulagi fyrr á svæðinu. Deiliskipulagið verður auglýst samtímis breytingu aðalskipulag Snæfellsbæjar 2015-2031 en ekki er gerð lýsing vegna deiliskipulags golfvallar því það er í fullu samræmi við breytt aðalskipulag.

Á fyrirhuguðu golfvallarsvæði er gert ráð fyrir 9 holu golfvelli, tveimur byggingum innan byggingarreits og um 20 bílastæðum og nettu athafnasvæði sunnan við golfskálann. Byggingar verði tengdar við rotþró á vegum Snæfellsbæjar. Golfskáli verði allt að 120 fermetrar og geymsluhús verði allt að 160 fermetrar. Húsin verði felld vel að landi og verði lágreist vegna nálægðar við lendingarstað. Þau verði einnar hæðar með lítt hallandi þak eða risi með halla 14-20°. Hæsta hæð langveggja verði allt að 3.2 m og hæsta mænishæð allt að 4.5 m ef hús eru með mænisþaki.

Framkvæmdin er ekki talin hafa veruleg umhverfisáhrif í för með sér samkvæmt Skipulagsstofnun og er því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og vísar því í lögboðið ferli.*

*Samþykkt*

2. **Hraunbalar í Miðhúsum_Ósk um breytt deiliskipulag - 2001003**

Valur Þór Sigurðsson arkitekt hjá KRark ehf. sendir inn deiliskipulagstillögu fyrir hönd lóðareigenda að Hraunbölum í landi Miðhúsa. Lóðareigendur óska eftir því að Snæfellsbær taki fyrir tillögu um deiliskipulag fyrir svæðið.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að hámarksstærð húsa verði 140 fermetrar. Tekið hefur verið jákvætt í þá stærð húsa við Gamla kaupstað en það er sambærilegt frístundarsvæði í 6 km fjarlægð.*

*Lóðareigendur benda á að sveitarfélagið hafi leyft byggingu stærri sumarhúsa innan*

Guðm Ólafs

KH

MPG

BMÓ

*sveitarfélagsins og benda á tvær eignir. Ægissíða í Staðarsveit 194,5 fermetra en það hús er stakt hús og skráð sem einbýlishús. Við Hraungerði voru tvö stök hús og yfir 75 metrar á milli þeirra. Annað húsið var fjarlægt og endurbygging var heimiluð á byggingarreit þess. Nýrra húsið er byggt 2017 og er skráð 131,1 fm og eldra húsið 43,3 fm. Því er ekki um stærri frístundahús að ræða innan sveitarfélagsins.*

*Miðað við núverandi stærðir húsa á umræddu skipulagssvæði er stærsta húsið skráð 65,6 fm. Stækkunar möguleikar eru því verulegir m.v. 140 fermetra hámarksstærð.*

*Nefndin bendir á að aðgengi að slökkvivatni og aðkoma slökkvibíla þurfi að vera fullnægjandi.*

*Samþykkt*

**3. Bálhóll_byggingarleyfi fyrir litlu sumarhúsi - 2001006**

Stéfán Pétur Sólveigarson sækir um byggingarleyfi fyrir litlu sumarhúsið á lóðinni Bálhól á Hellnum.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.*

*Samþykkt*

**4. Keflavíkurgata 14_Stöðuleyfi fyrir gám - 2001004**

Heimir Bergmann Gíslason sækir um stöðuleyfi fyrir 20 ft. gám á lóð sinni að Keflavíkurgötu 14. Gámurinn er notaður sem geymsla.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að leitað skuli varanlegri lausna.*

**5. Ólafsbraut 1_Umsókn um stöðuleyfi - 1912003**

Sigrún Fjóla Sigþórsdóttir sækir um fyrir hönd Hita/Tema hef. um stöðuleyfi fyrir einn 20 ft gám að Ólafsbraut 1.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið en bendir á að leitað skuli varanlegri lausna.*

**6. Ytri Garðar 1_Umsókn um stöðuleyfi fyrir aðstöðuhús - 2001002**

Svava Svandís Guðmundsdóttir sækir um stöðuleyfi fyrir aðstöðuhús handa starfsmönnum tjaldsvæðis á Garðakoti, Ytri-Görðum 1, á meðan deiliskipulagsvinna er í gangi.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Nefndin bendir á að huga þurfi strax að deiliskipulagi.*

**7. Brautarholt 7_Fyrirspurn um heimild fyrir stiga utan á hús og stækkun svala - 2001001**

Studio A sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Lísu Fannbergs Gunnarsdóttur. Óskað er eftir því að veitt verði heimild fyrir stiga vestan megin við hús að Brautarholti 7 upp á aðra hæð. Jafnframt er óskað eftir heimild til stækkunar á svölum annarrar hæðar. Stigi og svalir munu þjóna hlutverki aðkomu að inngangi annarrar hæðar.

*Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og felur byggingarfulltrúa að ræða við eiganda um aðrar lausnir.*

*Frestað*

**8. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2019 - 1901006**

Gudm olak
BMÞ
MPG

- Byggingarfulltrúi minnir á fund Breiðafjarðarnefndar þann 20. janúar 2020.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 10:15.**

Kristjana Hermannsd.

[illegible]

[illegible]

Guðmundur Ólafsson

Matthías Páll Gunnarsson

**Menningarnefnd**

Vinnufundur vegna jólatónleika í Ólafsvíkurkirkju 30. nóvember kl. 19:20 - 22:00

**Fundinn sátu:** Einar Magnús Gunnlaugsson, Ragnheiður Viglundsdóttir, Jón Kristinn Ásbjörnsson og Svandís Jóna Sigurðardóttir.

**Fundargerð ritaði:** Svandís Jóna Sigurðardóttir

**Dagskrá**

Undirbúningur fyrir jólatónleika með GÓSS í Ólafsvíkurkirkju 30. nóvember 2019 kl. 20:00.

Kalla þurfti Ævar út til að salta bílastæðið við kirkjuna og Einar Magnús nefndarmaður sá um að salta kirkjutröppurnar.

Miðar voru seldir í forsölu í jólaþorpinu sem var þann 28. nóvember 2019 í Klifi. Alls seldust 70 miðar á tónleikana af þeim voru 50 miðar seldir í forsölu, miðaverð var 2.000 kr.

Tónlistarmönnum var boðið upp á kaffi að tónleikum loknum og bauð Ragnheiður Viglundsdóttir upp á heimabakaðar brauðbollur, pönnukökur og salat, færum við henni kærar þakkir fyrir. Einnig bauð Jón Kristinn listamönnunum í mat á Hraun Veitingahús, eru honum færðar þakkir fyrir.

Tónleikarnir stóðu yfir í eina klst. og 15 mín. án hlés og ekki var annað að sjá en að tónleikagestir væru ánægðir.

Fundi slitið kl. 22:00

Fundargerð 105. fundar stjórnar FSS og notendaráðs fatlaðra á Snæfellsnesi

| | |
|---|---|
| ***Fundarstaður:*** | Fundarsalur Ráðhúss Snæfellsbæjar |
| ***Dagsetning:*** | miðvikudaginn 20. janúar 2020 |
| ***Fundartími:*** | Kl. 11.00 |
| ***Mættir:*** | *Stjórn FSS; Kristinn Jónasson, formaður ; ennfremur fulltrúar notendaráðs fatlaðra á Snæfellsnesi, Gunnhildur Hafsteinsdóttir: fulltrúar AVH ehf. þau Anna Margrét Hauksdóttir Anton Örn Brynjarsson, ennfremur starfsmenn FSS, þau Ingveldur Eyþórsdóttir, félagsráðgjafi og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður. Guðrún Kristinsdóttir, Hanna Jónsdóttir, Birta Antonsdóttir, Björg Ágústsdóttir og Jakob Björgvin Jakobsson, boðuðu forföll* |

**Dagskrá:** **Meðferð máls**

*1.* Kristinn Jónasson, formaður stjórnar, bauð fundarmenn velkomna, setti fund og stýrði.

*2.* **Hönnun íbúðakjarna fatlaðs fólks að Ólafsbraut 62 – 62 í Ólafsvík** *kynning – umræða - afgreiðsla*

Fulltrúar AVH, þau Anna Margrét og Anton Örn kynntu lokadrög sín að hönnun íbúðakjarna fatlaðs fólks að Ólafsbraut 62-64.

Fyrirliggjandi lokadrög ásamt samþykktri breytingu á stækkun hverrar íbúða,r úr 52 í 56 fm ásamt stækkun hjóla-og garðáhaldageymslu,- samþykkt samhljóða. AVH falin gerð útboðsgagna til framkvæmdar verksins, ennfremur þátttaka með forstöðumanni í gerð umsóknar FSS um stofnframlög Húsnæðis-og mannvirkjastofnunar .

Forstöðumanni falið að sækja um framkvæmdarleyfi til skipulagsnefndar Snæfellsbæjar og leita í kjölfarið tilboða í niðurrif húsa, efnistöku úr hlíðum sunnanmegin lóðanna 2ja og jarðvegsskipta undir bygginguna. AVH flýtir gerð útboðsgagna og sendir tæknideild Snæfellsbæjar vegna afgreiðslu skipulagsnefndar Snæfellsbæjar og FSS til auglýsingar útboðs byggingarframkvæmdar.

3. **Umsögn vegna umsóknar um starfsleyfi NPA samnings** *kynning - umræða – afgreiðsla*

Vísað er til tölvubréfs Gæða- og eftirlitsstofnunar félagsþjónustu og barnaverndar sveitarfélaga, dags. 23. desember 2019, þar sem stofnunin óskar umsagnar notendaráðs málefna fatlaðs fókls á

Snæfellinga vegna umsóknar Hlíðarbrekku ehf. um starfsleyfi við rekstur NPA samnings á þjónustusvæði Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga starfsárið 2020.

Svohljóðandi bókun notendaráðs Snæfellinga samþykkt samhljóða:

*„Notendaráð Snæfellinga í málefnum fatlaðs fólks, hefur kynnt sér fyrirliggjandi umsókn Hliðarbrekku ehf. um starfsleyfi, ennfremur frekari gögn og upplýsingar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga um starfrækslu fyrirtækins við framkvæmd NPA samnings viðkomandi einstaklings sl. 2 ár og gerir engar athugasemdir við umsóknina og mælir því með samþykkt hennar"*

*Snæfellsbæ, 20. 01.. 2020*

Kristinn Jónasson　　Ingveldur Eyórsdóttir　　Gunnhildur Hafsteinsdóttir

***4.*** **Málþing: „Lífsgæði fatlaðs fólks á Snæfellsnesi"** *kynning*

Forstöðumaður kynnti erindi Velferðarnefndar Snæfellsbæjar um samstarf um að efna til málþings um stöðu fatlaðs fólks á Snæfellsnesi undir yfirskriftinni „Lífsgæði fatlaðs fólks á Snæfellsnesi.

**5. Starfsmannamál** *Kynning*

Forstöðumaður hefur ráðið Jón Hauk Himarsson, þroskaþjálfa, í stöðu fagstjóra þjónustuþátta fatlaðs fólks FSS frá og með ágústmánuði n.k.

***6.*** **Önnur mál** *kynning – umræða*

Engin

*Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.35*

*Fundarrutari: SÞE*

FÉLAGS- OG SKÓLAÞJÓNUSTA SNÆFELLINGA

Gæða- og eftirlitsstofnun félagsþjónustu og barnaverndar,

María Rúnarsdóttir!

Með vísan til tölvubréfs þíns, dags. 23.12. 2019, sendir ég þér hjálagða afgreiðslu og umsögn notendaráðs Snæfellinga í málefnum fatlaðs fólks, sem samþykkt var á fundi ráðsins þann 20. janúar 2020:

Bókun undir dagskrárlið nr. 2:

*Fundur notendaráðs Snæfellinga í málefnum fatlaðs fólks Snæfellsbæ, 20. 01. 2020*

*„Notendaráð Snæfellinga í málefnum fatlaðs fólks, hefur kynnt sér fyrirliggjandi umsókn Hlíðarbrekku ehf. um starfsleyfi, ennfremur frekari gögn og upplýsingar Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga um starfrækslu fyrirtækins við framkvæmd NPA samnings viðkomandi einstaklings sl. 2 ár og gerir engar athugasemdir við umsóknina og mælir því með samþykkt hennar"*

*Snæfellsbæ, 20. 01.. 2020*

Kristinn Jónasson Ingveldur Eyþórsdóttir Gunnhildur Hafsteinsdóttir

Virðingarfyllst, með bestu kveðjum!

Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður

Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga

# Fundargerð 419. fundar

## stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2020, mánudaginn 20. janúar kl. 11:00 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til símafundar.

Fundinn sátu: Gísli Gíslason og Lúðvík Geirsson. Í fjarfundarbúnaði voru Ólafur Þór Snorrason, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Pétur Ólafsson og Björn Arnaldsson. Rebekka Hilmarsdóttir boðaði forföll.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. **Fundargerð 418. fundar - 1901002HA**

   Lögð fram til staðfestingar fundargerð 418. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 6. desember 2019.

   *Fundargerðin samþykkt og staðfest með undirskrift þeirra stjórnarmanna sem voru ekki í fjarfundarbúnaði.*

Eydís Ásbjörnsdóttir kom inn á fundinn kl. 11:05.

2. **Siglingaráð - 1712003HA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð 20. fundar siglingaráðs frá 7. nóvember 2019.

3. **Tillaga til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024 og tillaga til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034 - 1912002HA**

   Lagt fram erindi frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 9. desember 2019, þar sem óskað er eftir umsögn um tillögu til þingsályktunar um fimm ára samgönguáætlun fyrir árin 2020-2024, 434. mál og tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun fyrir árin 2020-2034, 435. mál.

   *Stjórn Hafnasambands Íslands telur mikilvægt að haldið verði áfram að auka framlag til framkvæmda í höfnum í gegnum hafnabótasjóð.*
   *Athygli vekur að í upptalningu framkvæmda og umfjöllun er ekki getið framkvæmda í nokkrum höfnum þ.e. höfnum Fjarðabyggðar, Hafnarfirði, Kópavogi og Faxaflóahöfnum. Tilgreint er í langtímaáætluninni að þær hafnir annist framkvæmdir fyrir eigið aflafé. Í samgönguáætlun til ársins 2024 er kemur hins vegar eftirfarandi fram: Samkvæmt 1. mgr. 24. gr. hafnalaga skal framlag ríkissjóðs ekki raska ótilhlýðilega samkeppni milli hafna samkvæmt ákvæðum samningsins um Evrópska efnahagssvæðið. Eftirtaldar hafnir fá ekki ríkisstyrk vegna þessa ákvæðis: Faxaflóahafnir, Kópavogshöfn, Hafnarfjarðarhöfn og hafnir í Fjarðabyggð.*
   *Hafnasamband Íslands telur mikilvægt að samgönguyfirvöld geri höfnum grein fyrir þeim viðmiðunum og reglum sem gilda um þær hafnir sem tilgreindar eru og með hvaða hætti þær geti haft áhrif á aðrar hafnir í framtíðinni.*

*Þá telur stjórn Hafnasambands Íslands að rými sé fyrir talsvert meiri umfjöllun um hafnir í þeim tveimur samgönguáætlunum sem lagðar eru fram. M.a. þar sem ítarlegar verði fjallað um þróun flutninga til og frá Íslandi, þróun í komum farþegaskipa, aðgerðir í orkuskiptum í höfnum, tækifæri í höfnum til hagvaxtar og atvinnusköpunar og stefnu varðandi hafnamál almennt. Athygli er vakin á því að þó svo að flutninga- og fiskihafnir séu í eigu sveitarfélaga þá eiga sveitarfélögin engan fulltrúa í Samgönguráði. Hafnasambandið telur því mikilvægt að eigendur hafna hafi aðkomu að gerð samgönguáætlana.*

4. **Ákvæði hafnarlaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis - 1911003HA**

   Lögð fram til kynningar bókun hafnarmálaráðs Seyðisfjarðarkaupstaðar frá 7. janúar 2020 þar sem tekið er undir áskorun Vesturbyggðar, dags. 16. október 2019, varðandi það að endurskoða ákvæði hafnarlaga nr. 61/2003 vegna fiskeldis sem tekið var fyrir á 417. fundi Hafnasambands Íslands, 18. nóvember 2019.

5. **Hafnasambandsþing 2020 - 1910001HA**

   Rætt um hafnasambandsþing sem verður haldið 24.-25. september 2020 í Ólafsvík.

   *Fræðslunefnd falið að leggja fram drög að dagskrá á næsta stjórnarfundi.*

6. **Samskipti við Vegagerðina - 1903004HA**

   Formaður upplýsti um að fulltrúar Vegagerðarinnar muni mæta á næsta fund stjórnar hafnasambandsins til að gera grein fyrir skipulagi hafnamála hjá Vegagerðinni.

7. **Siglingaverndarráð - 2001001HA**

   Lögð fram til kynningar fundargerð þriðja fundar Siglingaverndarráðs sem haldinn var 19. nóvember 2019.

Fundi var slitið kl. 12:05

Gísli Gíslason

Ólafur Þór Snorrason

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Pétur Ólafsson

Lúðvík Geirsson

Björn Arnaldsson

Valur Rafn Halldórsson

Hellissandur 28.01.2020.

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

Klettsbúð 4

360 Hellissandur

Ég undirrituð segi mig hér með úr eftirtöldum nefndum og stjónum á vegum Snæfellsbæjar.

Kjörstjórn Hellissand – og Rifs kjördeildar og Landbúnaðarnefnd.

Virðingarfyllst.

Jensína Guðmundsdóttir Kt: 230257-4429

Bárðarási 4

360 Hellissandi

## Lilja Ólafardóttir

**From:** Nesver <nesverm@simnet.is>
**Sent:** föstudagur, 24. janúar 2020 14:04
**To:** Lilja Ólafardóttir
**Subject:** Sending frá Ásbirni Óttarssyni.

Sæl Lilja.

Ég sækji hér með niðurfellingu á húsaleigu fyrir Kúttmagakvöld
fyrir eldri borgara í félagsheimilinu Röst Hellissandi.

Kær kveðja
Ásbjörn Óttarsson

## Kristinn Jónasson

**From:** Mortensen, Marino <mamortensen@deloitte.is>
**Sent:** fimmtudagur, 9. janúar 2020 21:20
**To:** Kristinn Jónasson; Lilja Ólafardóttir
**Subject:** Sala á Maríu SH-82, sknr. 6111

Sæl
Sendi meðfylgjandi að beiðni Heimis Þórs Ívarssonar, kt. 070772-5319.

Kauptilboð hefur borist í Maríu SH-82, sknr. 6111 frá Gillagrill ehf., kt. 560216-1810, 450 Patreksfirði. Kauptilboðið hljóðar uppá 2 mkr.
Óskað er eftir staðfestingu á að Snæfellsbær ætli ekki að nýta forkaupsrétt.

Kær kveðja / Kind regards,

**Marinó Mortensen**
Verkefnastjóri | Manager Audit
Deloitte ehf.
Ólafsbraut 21, 355 Ólafsvík, Iceland
Tel: +354 580 3433 | Mobile: +354 896 1465
marino@deloitte.is | www.deloitte.is

**Deloitte.**

Please consider the environment before printing this email

**Fyrirvari – Disclaimer**

*Disclaimer:* Deloitte Disclaimer This message (including any attachments) contains confidential information intended for a specific individual and purpose, and is protected by law. If you are not the intended recipient, you should delete this message and are hereby notified that any disclosure, copying, or distribution of this message, or the taking of any action based on it, is strictly prohibited.

# SAMÞYKKT
# um breytingu á samþykkt um stjórn Snæfellsbæjar

## 1. grein

Eftirfarandi breytingar verða á 47.gr. samþykktarinnar:

a) 4.tölul. B-hluta samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
***Umhverfis- og skipulagsnefnd:*** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin ver með skipulags- og byggingarmál samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, skipulagsreglugerð nr. 400/1998 og byggingarreglugerð nr. 441/1998, með umferðarmál samkvæmt umferðarlögum nr. 50/1987 og með veitumál samkvæmt ákvæðum laga og reglugerða um vatns- og hitaveitur. Loks fer nefndin með umhverfis- og náttúruverndarmál samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 44/1999. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréfi sem henni er sett.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hefur heimild til fullnaðarafgreiðslu eftirfarandi mála.

Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja deiliskipulagstillögur sem fá ekki athugasemdir á auglýsingatíma og umsagnir lögbundinna umsagnaraðila séu ekki þess eðlis að breyta þurfi deiliskipulagstillögum eftir auglýsingu skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja skipulagslýsingar til kynningar skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og deiliskipulagstillögur til forkynningar skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að samþykkja grenndarkynningar þar sem deiliskipulag er ekki fyrir hendi, sbr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
Umhverfis- og skipulagsnefnd er heimilt að ákveða nafngiftir á hverfum, götum og torgum.

Umhverfis- og byggingarnefnd skal taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar í C flokki skv. 1. viðauka við lög nr. 106/2000, þegar sveitarfélagið er sjálft framkvæmdaraðili, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011

b) 5. tölul. B-hluta samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
***Velferðarnefnd:*** Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin fer með jafnréttismál samkvæmt lögum um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10/2008, málefni samkvæmt áfengislögum nr. 75/1998 og málefni aldraðra samkvæmt lögum um málefni aldraðra nr. 125/1999. Nefndin fer með húsnæðismál samkvæmt lögum um húsnæðismál nr. 44/1998 og og húsaleigumál samkvæmt húsaleigulögum nr. 36/1994. Nefndin fer með önnur málefni samkvæmt erindisbréf sem henni er sett.

c) Við B-hluta samþykktarinnar bætist 12. töluliður sem verður svohljóðandi:
***Öldungaráð:*** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af bæjarstjórn. Jafnframt sitja í nefndinni 2 aðalmenn og jafnmargir til vara skipaðir af félagi eldri borgara í Snæfellsbæ. Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga situr fundi ráðsins og er starfsmaður þess. Nefndin er bæjarstjórn til ráðgjafar um málefni og hagsmuni er varða íbúa sveitarfélagsins 67 ára og eldri á grundvelli 2. mgr. 38. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (með síðari breytingum) með hliðsjón af 8. gr. laga nr. 125/1999, um málefni aldraðra (með síðari breytingum). Nefndin fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun í öldrunarmálum ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Snæfellsbæjar hefur sett samkv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist og öðlast þegar gildi.

# Samningur um rekstur Pakkhússins í Ólafsvík

Snæfellsbær, kt.: 510694-2449, hér eftir nefndur leigusali, annars vegar og Sandgerðin ehf., kt.: 540319-0810, hér eftir nefnd leigutaki, hins vegar, gera með sér eftirfarandi samkomulag um rekstur og leigu á Pakkhúsinu í Ólafsvík.

1. Leigutaki leigir húsnæðið að Ólafsbraut 12, Pakkhúsið, og tekur að sér rekstur þess til þriggja ára, frá 1. mars 2020 – 28. febrúar 2023, með möguleikanum á að framlengja samninginn til allt að þriggja ára í viðbót, þ.e. til og með 28. febrúar 2026, ef vilji er fyrir því hjá báðum aðilum.

2. Leigutaki tekur að sér að reka og byggja upp starfsemi hússins, en jafnframt að hafa umsjón með byggðasafninu sem staðsett er á 2. og 3. hæð hússins.

3. Leigutaki sér til þess að öll tilskilin opinber leyfi verði í lagi, sem nauðsynleg eru til að húsnæðið uppfylli þau skilyrði sem sett eru vegna þeirrar starfsemi sem í húsinu verður.

4. Leigutaki mun greiða leigu sem svarar útlögðum rekstrarkostnaði húsnæðisins hvern mánuð, þ.e. kostnað vegna rafmagns, hita og trygginga, eða sem svarar kr. 65.000.- á mánuði. Leigan er bundin vísitölu neysluverðs og hækkar eða lækkar sem nemur breytingum á vísitölunni hvern mánuð. Grunnleiga miðast við vísitölu febrúarmánaðar sem er 473,3 stig.

5. Leigusali mun sjá um kostnað á endurbótum og viðhaldi húsnæðisins, en setur þó það skilyrði að fullt samráð verði haft milli aðila áður en nokkrar framkvæmdir hefjast.

6. Um riftun á samningi þessum vegna vanefnda annars hvors samningsaðila skal fara eftir ákvæðum XII. Kafla húsaleigulaga nr. 36/1994. Komi til ágreiningur um túlkun eða útfærslu samningsnins skal reka málið fyrir Héraðsdómi Vesturlands.

SNÆFELLSBÆR BÆJARRITARI

Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Rut Ragnarsdóttir,
f.h. Sandgerðarinnar ehf.

HEILBRIGÐISRÁÐUNEYTIÐ

Skógarhlíð 6 105 Reykjavík
sími: 545 8700 hrn@hrn.is
stjornarradid.is

Snæfellsbær
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri
Snæfellsási 2
360 Snæfellsbæ

Reykjavík 6. nóvember 2019
Tilv.: HRN19100062/04.67.00

**Efni: Ósk um upplýsingar um nýtingarhlutfall á hjúkrunarrýmum á Vesturlandi.**

Heilbrigðisráðuneytið vísar til erindis Snæfellsbæjar, dags. 10. október sl., þar sem óskað er eftir upplýsingum um nýtingu hjúkrunarrýma frá 1. janúar til 30. september 2019, það er upplýsingar um nýtingarhlutfall í prósentum.
Ráðuneytið getur veitt upplýsingar um nýtingarhlutfall þeirra heimila sem óskað er fyrir janúar til ágúst 2019, sjá fylgiskjal.
Ef þörf er á frekari upplýsingum skal óska eftir þeim hjá Sjúkratryggingum Íslands.

Fyrir hönd heilbrigðisráðherra

Elsa B. Friðfinnsdóttir

Guðlín Steinsdóttir

Fylgiskj.: Yfirlit yfir nýtingu hjúkrunarrýma á Vesturlandi, janúar-ágúst 2019.

Ljósrit: Sjúkratryggingar Íslands
Vínlandsleið 16
113 Reykjavík

| | Fjöldi rýma | Nýting daga | Nýting % |
|---|---|---|---|
| | | | |
| **Brákarhlíð, hjúkrunar- og dvala** | | | |
| Hjúkrunarrými | 33,00 | 7.720,00 | 96,27 |
| | | | |
| **Fellaskjól, dvalarheimili** | | | |
| Hjúkrunarrými | 9,00 | 2.431,00 | 111,16 |
| | | | |
| **Höfði,dvalarheimili** | | | |
| Hjúkrunarrými | 60,00 | 14.350,00 | 98,42 |
| | | | |
| **Stykkishólmsbær** | | | |
| Hjúkrunarrými | 14,00 | 3.602,00 | 105,88 |
| | | | |
| **Silfurtún,dvalarheimili** | | | |
| Hjúkrunarrými | 9,00 | 2.375,00 | 108,60 |
| | | | |
| **Barmahlíð,dvalarheimili aldraðr** | | | |
| Hjúkrunarrými | 13,00 | 2.087,00 | 66,07 |
| | | | |
| **Jaðar, Snæfellsbæ** | | | |
| Hjúkrunarrými | 11,00 | 3.034,00 | 113,51 |

**Kristinn Jónasson**

---

| | |
|---|---|
| **From:** | Daðey Þóra Ólafsdóttir Sýslumaðurinn á Vesturlandi <dadey@Syslumenn.is> |
| **Sent:** | mánudagur, 27. janúar 2020 15:30 |
| **To:** | heilbrigdiseftirlit@vesturland.is; vinnueftirlit@ver.is; Kristinn Jónasson; Davíð Viðarsson; Slökkvilið Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar; vesturland@logreglan.is |
| **Subject:** | Umsagnarb.rekstrarleyfi G.II-Gistiheimilið Hof, Hofgörðum, Snæfellsbæ |
| **Attachments:** | Umsagnarb.rekstrarl.GII-Gistiheimilið Hof, Hofgörðum,Snæfellsbæ.pdf |

Til umsagnaraðila

Embætti Sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn Sigurðar Narfasonar kt.241166-3849 um rekstrarleyfi vegna gististaðar í flokki II, gistiheimili að Hofgörðum í Snæfellsbæ. Umsækjandi er með gilt rekstrarleyfi LG-REK-009553 vegna rekstrarins sem gildir til 2.2.2020.

Hjálagt fylgir umsóknin ásamt teikningum og umsagnarbeiðni.

Óskað er umsagnar viðtakenda þessa pósts.
kveðja
Daðey.

---------------------------------------------------------

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs
Sýslumaðurinn á Vesturlandi - Akranesi
sími 458 2352
dadey@syslumenn.is

Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Umsagnaraðilar
skv. 4. mgr. 10.gr. laga nr. 85/2007
og 1. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016

Akranesi, 27. Janúar 2020

**Gistiheimilið Hof – Hofgarðar (F2113637), 356 Snæfellsbær**

Sigurður Narfason kt.241166-3849 hefur sótt um leyfi til þess að reka gististað í flokki II, stærra gistiheimili, sem rekið er sem Gistiheimilið Hof að Hofgörðum (F2113637), 356 Snæfellsbæ. Umsækjandi er með rekstrarleyfi LG-REK-009553 vegna þessa rekstrar sem gildir til 2.2.2020.

Hér með er óskað umsagna neðangreindra aðila skv. fyrirmælum 10. gr. laga nr. 85/2007. Umsagna er óskað eigi síðar en **10. mars n.k.** sbr. 2. mgr. 26. gr. rgl. 1277/2016 en þar segir; *„Umsagnir framangreindra aðila eru bindandi og skulu að jafnaði veittar* ***eigi síðar en 45 dögum*** *frá móttöku erindis leyfisveitanda þar að lútandi. Berist umsagnir ekki innan þess frests sem leyfisveitandi tilgreinir er leyfisveitanda heimilt að gefa út leyfi"* .

Umsóknin fylgir hér með ásamt teikningum.

Dagey Þóra Ólafsdóttir,
sviðsstjóri þjónustusviðs

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
